

Allir iðkendur eru skráðir félagsmenn í félaginu, netfang iðkenda og forráðamanna er notað fyrir almenn samskipti milli félags / þjálfara og iðkenda / forráðamanns. Einnig er hugsanlegt að netfang sé notað í beina markaðssetningu fyrir félagið, en það verður ekki afhent þriðja aðila undir nokkrum kringustæðum af hendi rekstraaðila, allar upplýsingar í kerfinu eru eign viðkomandi t.d. íþróttafélags. Forráðamenn merkja í þar til gerðan reit óski þeir eftir að teljast félagsmenn.

Allar skráðar upplýsingar eru eign félagsins og verða eingöngu notaðar til þeirra verka sem þær eru stofnaðar til.

Forráðamönnum er sérstaklega bent á að vera í sambandi við þjálfara félagsins varðandi hugsanleg heilsufarslegar upplýsingar sem þeir telja að þjálfari þurfi að vera meðvitaðir um, en jafnframt er reitur fyrir slíkar upplýsingar við skráningu á námskeið. Það hjálpar mikið að skrá nákvæmlega alla iðkendur og aðstandendur hvers iðkanda undir 18 ára aldri. Það auðveldar öll samskipti milli félags og fjölskyldu iðkanda.

Séu einhver vandamál við skráninguna vinsamlegast hafið samband við skrifstofu félagsins á skrifstofutíma og fáid aðstoð.


Athuga skal að til að tryggja öryggi eru öll samskipti í gegnum þetta forrit skráð með neteinkenni (IP tölu) í gagnagrunn. Meðferð kreditkortaupplýsinga eru í samræmi við reglur þar um og eru engar slíkar upplýsingar geymdar í gagnagrunni kerfisins. Meðhöndlun kreditkortaupplýsinga eru eingöngu í samskiptum við færslufyrirtækið Borgun.

Geta má þess að flest félög hafa útbúið leiðbeiningar fyrir kerfið sniðnar að starfssemi viðkomandi félags og má yfirleitt finna þessa upplýsingar á heimasíðum félaga.

Nýskráning á félagavef


Þegar komið er á vefinn í fyrsta skiptið þarf að nýskrá sig á vefinn með því að smella á „Nýskráning“ á neðri hluta síðunnar. Þar er nóg að skrá inn kennitölu og sér tenging við Þjóðskrá að fylla út grunnupplýsingar. Þó þarf notandi að skrá inn netfang, síma, heimilisfang, lykilorð og hvort hann sé einnig iðkandi og eða félagsmaður.

Þegar því er lokið er hægt að skrá sig á innri vefinn og samþykka verður skilmála áður en komist er inn á hann. Þá birtist listi yfir þá einstaklinga sem notandinn hefur forráð yfir.



Nafn	Kennitala	Kyn	Aldur	Námskeið/Flokkar í boði
Nýskráning	000000 0000	KVK	16 ára	Námskeið/Flokkar í boði
Nýskráning	000000 0000	KK	14 ára	Námskeið/Flokkar í boði
Nýskráning	0 10000 0000	KK	17 ára	Námskeið/Flokkar í boði

Þar getur forráðamaður séð hvaða námskeið eru í boði fyrir hvern einstakling fyrir sig. Ef smellt er á „námskeið / flokkar í boði“ kemur upp listi af námskeiðum sem standa þeim einstakling til boða.



Deild	Flokkur	Námskeið	Tímabil	Skráning
A- Kaldalón	Norræna kvikmyndahátíðin KK og KVK	Heimildarmynd um norræna tónlistarmenningu kl 20:00	12.06.2011 - 12.06.2011	Skráning á námskeiði
A- Kaldalón	Norræna kvikmyndahátíðin KK og KVK	Heimildarmynd um norræna tónlistarmenningu kl 20:00	13.06.2011 - 13.06.2011	Skráning á námskeiði
A- Kaldalón	Norræna kvikmyndahátíðin KK og KVK	Heimildarmynd um norræna tónlistarmenningu kl 22:00	12.06.2011 - 12.06.2011	Skráning á námskeiði
A- Kaldalón	Norræna kvikmyndahátíðin KK og KVK	Heimildarmynd um norræna tónlistarmenningu kl 22:00	13.06.2011 - 13.06.2011	Skráning á námskeiði
Besta deildin	Betri flokkurinn KK og KVK	Besta námskeiðið	07.06.2011 - 30.06.2011	Fullt í námskeiði
HA- Eglishöll	Cross-Training kl. 06:00 KK og KVK	Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 06:00	14.06.2011 - 07.07.2011	Skráning á námskeiði
HA- Eglishöll	Herþjálfun KK og KVK	Mánud, miðvikud, og föstudaga kl. 06:00	13.06.2011 - 08.07.2011	Skráning á námskeiði
HA- Eglishöll	Herþjálfun KK og KVK	Mánud, miðvikud, og föstudaga kl. 06:00	11.07.2011 - 05.08.2011	Skráning á námskeiði
Hugbúnaðarsvið	Elvar KVK	Nóra forritun	01.04.2011 - 15.06.2011	Fullt í námskeiði
Knattspyrnu deild	3 flokkur f. 95 og 96 KVK	Árgjald	01.01.2011 - 31.12.2011	Skráning á námskeiði

Hér koma fram upplýsingar um heiti deildar, flokks, námskeiðs, lengd tímabils og stöðu námskeiðs. Ef námskeið er opið og ekki fullt á það stendur valmöguleikinn „Skráning á námskeiði“ til boða. Ef smellt er á hann koma

Mínir iðkendur

Hér er listi yfir iðkendur skráða á fjölskyldunúmer forráðamanns samkvæmt Þjóðskrá. Hér er mögulegt að velja spjald iðkenda til að skrá inn símanúmer og netfang iðkenda ef það er annað en forráðamanns. Ef óskað er eftir að annar en forráðamaður geti skráð/greitt fyrir iðkenda þá þarf forráðamaður vinsamlegast að hafa samband við skrifstofu félags með tölvupósti eða bréfi og óska eftir slíkri skráningu.

Hér er einnig hnappur sem opnar á lista yfir hvað er í boði fyrir viðkomandi iðkenda.

Nýr iðkandi:

Ef ekki birtast allir fjölskyldumeðlimir á lista „mínir iðkendur“ er hægt að nota þennan verklið til að sjá og velja aðra meðlimi sem skráðir eru á sama fjölskyldunúmer og skrá þá síðan sem iðkendur. Ef fjölskyldumeðlimur er ekki á þessum lista þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofu viðkomandi félags og getur skrifstofan þá bætt viðkomandi við. Aðeins forráðamaður samkvæmt þjóðskrá getur heimilað eða óskað eftir að, iðkandi yngri en 18 ára sé skráður á annan forráðamann.

Iðkandi : - Námskeið í boði:

Hér koma fram upplýsingar um hvaða námskeið eru í boði og möguleikar lengst til hægri þar sem eru hnappar til að skrá á námskeið.

Skráning iðkanda á námskeið

Hér er skráningarmynd með greiðsluformi, hér birtist sjálfkrafa þær upplýsingar sem lúta að námskeiði, greiðslumöguleikar ásamt verði, með því að haka við frístundastyrk (Rafræn Reykjavík) þá opnast samskipti við Rafræn Reykjavík þar sem athugað er hvort frístundastyrk hafi verið ráðstafað og kemur þá fram upphæð, hafi honum ekki verið ráðstafað kemur tilkynning um það og hvað þarf að gera til að ráðstafa. Taka skal fram að ekki er nóg að ráðstafa frístundastyrk frá Rafrænni Reykjavík til að iðkandi teljist skráður hjá viðkomandi íþróttafélagi, eftir að styrk er ráðstafað þarf að fara á síðu viðkomandi félags og ganga frá skráningu. (gildir þetta þó upphæð styrks sé jafnhá eða hærri æfingargjaldi til viðkomandi félags.

Greiðslufyrirkomulag:

Hér er valið greiðslufyrirkomulag og gengið frá greiðslu, síðan er farið á staðfestingarsíðu og þar er greiðsla skráð og þar með lýkur ferlinu, innan skamms tíma kemur staðfesting á skráð netfang.